

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 102/2011

2012/EES/67/06

frá 4. febrúar 2011

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1089/2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar rekstrarsamhæfi landgagnasafna og -þjónustu (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1089/2010 frá 23. nóvember 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar rekstrarsamhæfi landgagnasafna og -þjónustu<sup>(2)</sup> er mælt fyrir um tæknilega tilhögun rekstrarsamhæfis landgagnasafna, þ.m.t. skilgreiningin á kóðaskrá sem nota skal fyrir eigindir og tengihlutverk landhlutartegunda og gagnategunda.
- 2) Í reglugerð (ESB) nr. 1089/2010 er gerð krafa um að eigindir eða tengihlutverk landhlutartegunda eða gagnategunda, sem hafa kóðaskrártegund, fái gildi sem eru tæk fyrir viðkomandi kóðaskrá.
- 3) Þessi leyfilegu gildi fyrir kóðaskrár, sem skilgreindar eru í reglugerð (ESB) nr. 1089/2010, eru nauðsynleg fyrir framkvæmd þeirra krafna sem settar eru fram í þeirri reglugerð og af þeim sökum ættu þau einnig að vera sett fram í þeirri reglugerð.
- 4) Við þróun þeirra kóðaskrárgilda sem eru í þessari reglugerð var farið eftir sömu meginreglum og látnar voru gilda um þróun þeirrar tæknilegu tilhögunar, sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1089/2010, að því er varðar þarfir notenda, viðmiðunarefni, viðeigandi stefnumið og starfsemi Sambandsins, raunhæfi og það hvort líklegur kostnaður væri hóflegur miðað við ávinning, þátttöku og samráð við hagsmunaaðila og alþjóðlega staðla.
- 5) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 1089/2010 til samræmis við það.

- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 22. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

SAMBÝKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*I. gr.*

Reglugerð (ESB) nr. 1089/2010 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Tilvikalistarnir og kóðaskrár sem eru notuð vegna eiginda eða tengihlutverka landhlutartegunda eða gagnategunda skulu vera í samræmi við skilgreiningarnar og fela í sér gildin sem sett eru fram í II. viðauka. Tilvikalista- og kóðaskrárgildin eru mállega hlutlausir minnishjálparkóðar fyrir tölvur.“

- b) Ákvæði 4. liðar falli brott.

2. Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað a-liðar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„a) kóðaskrár sem aðildarríkjunum er óheimilt að bæta við,“

- b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Eigindir eða tengihlutverk landhlutartegunda eða gagnategunda, sem eru af einhverri þeirri tegund kóðaskráa sem eru skilgreindar í a-lið 1. mgr. 6. gr., mega einungis fá gildi frá þeim skrár sem eru tilgreindar fyrir viðkomandi kóðaskrá.

Eigindir eða tengihlutverk landhlutartegunda eða gagnategunda, sem eru af einhverri þeirri tegund kóðaskráa sem eru skilgreindar í b-lið 1. mgr. 6. gr., mega einungis fá gildi sem eru tæk samkvæmt umsjónarskrá kóðaskrárinnar.“

3. Ákvæðum I. viðauka er breytt eins og fram kemur í I. viðauka við þessa reglugerð.

4. Ákvæðum II. viðauka er breytt eins og fram kemur í II. viðauka við þessa reglugerð.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 31, 5.2.2011, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 63, 8.11.2012, bls. 21.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 323, 8.12.2010, bls. 11.

2. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2011.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1089/2010 er breytt sem hér segir:

1. Setningin „Aðildarríkjum er óheimilt að bæta við þessa kóðaskrá.“ komi í öllum tilvikum í stað „Umsjón þessarar kóðaskrár skal vera í sameiginlegri kóðalistaskrá.“
2. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 4.1:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána ConditionOfFacilityValue**

Gildi	Skilgreining
disused	Búnaðurinn er ekki í notkun.
functional	Búnaðurinn er nothæfur.
projected	Verið er að hanna búnaðinn. Ekki hefur enn verið hafist handa við smíði hans.
underConstruction	Smíði búnaðar stendur yfir og hann er ekki enn orðinn nothæfur. Þetta á einungis við um upphaflega smíði búnaðarins og ekki um viðhaldsvinnu.

3. Eftirfarandi málsgreinar bætast við lið 4.2:

„Aðildarríkjunum er óheimilt að bæta við þessa kóðaskrá.

Leyfilegu gildin fyrir þessa kóðaskrá eru tveggja stafa landskóðar sem skráðir eru í sameiginlegum ritleiðbeiningunum milli stofnana og birtir af útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins.“

4. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 5.3.1:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána ConnectionTypeValue**

Gildi	Skilgreining
crossBorderConnected	Tenging milli tveggja netstaka í mismunandi netkerfum sömu tegundar en á aðliggjandi svæðum. Netstökin sem miðað er við standa fyrir mismunandi en landfræðilega tengd raunfyrirbæri.
crossBorderIdentical	Tenging milli tveggja netstaka í mismunandi netkerfum sömu tegundar, en á aðliggjandi svæðum. Netstökin sem miðað er við standa fyrir sömu raunfyrirbæri.
intermodal	Tenging milli tveggja netstaka í mismunandi flutninganetum sem nota mismunandi flutningsmáta. Tengingin stendur fyrir möguleikann á að færa það sem flutt er (fólk, varningur o.s.frv.) úr einum flutningsmáta yfir í annan.

5. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 5.3.2:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána LinkDirectionValue**

Gildi	Skilgreining
bothDirections	Í báðar áttir.
inDirection	Í stefnu hlekksins.
inOppositeDirection	Í gagnstæða átt við hlekkinn.

## II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1089/2010 er breytt sem hér segir:

1. Setningin „Aðildarríkjum er óheimilt að bæta við þessa kóðaskrá.“ komi í öllum tilvikum í stað „Umsjón þessarar kóðaskrár skal vera í sameiginlegri kóðalistaskrá.“
2. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 3.3.1:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána GrammaticalGenderValue**

Gildi	Skilgreining
common	„Sameiginlegt“ málfræðilegt kyn (samruni „karlkyns“ og „kvenkyns“).
feminine	Málfræðilega kynið kvenkyn.
masculine	Málfræðilega kynið karlkyn.
neuter	Málfræðilega kynið hvorugkyn.

3. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 3.3.2:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána GrammaticalNumberValue**

Gildi	Skilgreining
dual	Málfræðileg tvítala.
plural	Málfræðileg fleirtala.
singular	Málfræðileg eintala.

4. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 3.3.3:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána NameStatusValue**

Gildi	Skilgreining
historical	Sögulegt heiti sem ekki er notað nú á dögum.
official	Heiti sem nú er notað og opinberlega viðurkennt eða ákvarðað með löggjöf.
other	Núverandi heiti sem þó er ekki opinbert eða viðurkennt.
standardised	Heiti sem nú er notað og viðurkennt eða sem mælt er með af aðila, sem hefur verið falið ráðgefandi hlutverk og/eða ákvörðunarvald í málefnum er varða örnefnafræði.

5. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 3.3.4:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána NamedPlaceTypeValue**

Gildi	Skilgreining
administrativeUnit	Stjórnsýslueiningar sem skipta svæðum þar sem aðildarríki hafa og/eða beita lögsögu, að því er varðar stjórnun á lands-, svæðis- og staðarvisu, aðskildar með stjórnsýslumörkum.
building	Landfræðileg staðsetning bygginga.
hydrography	Vatnafarsþættir, þ.m.t. hafsvæði og öll önnur vatnshlot og tengd atriði, þ.m.t. vatnasvið og undirvatnasvið.
landcover	Efnisleg og líffræðileg þekja yfirborðs jarðar, þ.m.t. tilbúið yfirborð, landbúnaðarsvæði, skógar, lítt snert eða ósnert svæði, votlendi.
landform	Landmótunarfræðilegur eiginleiki landslags.

Gildi	Skilgreining
other	Landhlutur sem ekki felst í öðrum tegundum í kóðaskránni.
populatedPlace	Staður sem er byggður mannfólki.
protectedSite	Svæði sem tilnefnd eru eða stjórnað innan ramma alþjóðalaga, löggjafar Bandalagsins og aðildarríkjanna til að ná fram tilteknum varðveislumarkmiðum.
transportNetwork	Netkerfi fyrir flutninga á vegum, með jánbrautum, í lofti, á sjó og á vatnaleiðum og með togvör ásamt tengdum grunnvirkjum. Tengingar milli mismunandi netkerfa eru þar meðtaldar.

6. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 3.3.5:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána NativenessValue**

Gildi	Skilgreining
endonym	Heiti landfræðilegrar fitju á tungumáli sem er opinbert eða fast í sessi á því svæði þar sem fitjan kemur fyrir.
exonym	Heiti sem haft er, á tilteknu tungumáli, um landfræðilega fitju sem er staðsett utan þess svæðis þar sem viðkomandi tungumál er útbreitt, og sem er að forminu til frábrugðið því innafni (e. endonym) eða innöfnum sem tíðkast á því svæði þar sem landfræðilega fitjan er staðsett.

7. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 4.4.1:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána AdministrativeHierarchyLevel**

Gildi	Skilgreining
1stOrder	Hæsta stig landsbundinnar stjórnvaldsstigskiptingar (landsstig).
2ndOrder	Annað stig landsbundinnar stjórnvaldsstigskiptingar.
3rdOrder	Þriðja stig landsbundinnar stjórnvaldsstigskiptingar.
4thOrder	Fjórða stig landsbundinnar stjórnvaldsstigskiptingar.
5thOrder	Fimmta stig landsbundinnar stjórnvaldsstigskiptingar.
6thOrder	Sjötta stig landsbundinnar stjórnvaldsstigskiptingar.

8. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 5.4.1:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána GeometryMethodValue**

Gildi	Skilgreining
byAdministrator	Ákveðið og skráð handvirkt af opinberum aðila sem ber ábyrgð á ráðstöfun staðfanga eða af vörslumanni gagnasafns.
byOtherParty	Ákveðið og skráð handvirkt af öðrum aðila.
fromFeature	Leiðir sjálfkrafa af öðrum INSPIRE-landhlut sem tengist staðfanginu eða staðfangshlutanum.

9. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 5.4.2:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána GeometrySpecificationValue**

Gildi	Skilgreining
addressArea	Staðsetning sem leiðir af tengdu staðfangssvæði.
adminUnit1stOrder	Staðsetning sem leiðir af tengdri fyrsta stigs stjórnsýslueiningu.
adminUnit2ndOrder	Staðsetning sem leiðir af tengdri annars stigs stjórnsýslueiningu.

Gildi	Skilgreining
adminUnit3rdOrder	Staðsetning sem leiðir af tengdri þriðja stigs stjórnsýslueiningu.
adminUnit4thOrder	Staðsetning sem leiðir af tengdri fjórða stigs stjórnsýslueiningu.
adminUnit5thOrder	Staðsetning sem leiðir af tengdri fimmta stigs stjórnsýslueiningu.
adminUnit6thOrder	Staðsetning sem leiðir af tengdri sjötta stigs stjórnsýslueiningu.
building	Staðsetningu er ætlað að auðkenna tengda byggingu.
entrance	Staðsetningu er ætlað að auðkenna dyr eða hlið sem farið er inn um.
parcel	Staðsetningu er ætlað að auðkenna tengda landspildu.
postalDelivery	Staðsetningu er ætlað að auðkenna pósthúsbústað.
postalDescriptor	Staðsetning sem leiðir af tengdu póstnúmerssvæði.
segment	Staðsetning sem leiðir af tengdum hluta af umferðaræð.
thoroughfareAccess	Staðsetningu er ætlað að auðkenna aðgönguleiðina sem liggur frá umferðaræðinni.
utilityService	Staðsetningu er ætlað að auðkenna veitubjónustupunkt.

10. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 5.4.3:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána LocatorDesignatorTypeValue**

Gildi	Skilgreining
addressIdentifierGeneral	Kennimerki staðfanga sem samanstanda af tölustöfum og/eða bókstöfum.
addressNumber	Kennimerki staðfanga sem samanstanda eingöngu af tölustöfum.
addressNumber2ndExtension	Önnur rýmkun á staðfangsnúmeri.
addressNumberExtension	Rýmkun á staðfangsnúmeri.
buildingIdentifier	Kennimerki byggingar, sem myndað er með tölustöfum og/eða bókstöfum.
buildingIdentifierPrefix	Forskeyti framan við númer byggingarinnar.
cornerAddress1stIdentifier	Kennimerki staðfangs sem tengist heiti aðalumferðaræðar í hornstaðfangi.
cornerAddress2ndIdentifier	Kennimerki staðfangs sem tengist heiti aukaumferðaræðar í hornstaðfangi.
entranceDoorIdentifier	Kennimerki fyrir inngöngudyr, inngönguhlið eða yfirbyggðan inngang.
floorIdentifier	Kennimerki fyrir hæð eða pall inni í byggingu.
kilometrePoint	Merki á vegi sem hefur tölu sem auðkennir núverandi fjarlægð milli upprunapunktar vegarins og þessa merkis, mældar meðfram veginum.
postalDeliveryIdentifier	Kennimerki pósthúsbústaðar.
staircaseIdentifier	Kennimerki fyrir tröppur, að öllu jöfnu inni í byggingu.
unitIdentifier	Kennimerki fyrir dyr, híbýli, íbúð eða herbergi inni í byggingu.

11. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 5.4.4:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána LocatorLevelValue**

Gildi	Skilgreining
accessLevel	Staðgreinirinn auðkennir tiltekinn aðgang að landskika, byggingu eða einhverju svipuðu með hjálp aðgangsnúmers eða svipaðs auðkennis.
postalDeliveryPoint	Staðgreinirinn auðkennir póstútburðarstað.
siteLevel	Staðgreinirinn auðkennir tiltekinn landskika, tiltekna byggingu eða svipaða fasteign með hjálp aðgangsnúmers, byggingarnúmers, heitis byggingar eða heitis fasteignar.
unitLevel	Staðgreinirinn auðkennir tiltekinn hluta af byggingu.

12. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 5.4.5:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „LocatorNameTypeValue“**

Gildi	Skilgreining
buildingName	Heiti byggingar eða hluta byggingar
descriptiveLocator	Lýsing í samfelldum texta á staðsetningunni eða staðfengjanlegum hlut.
roomName	Kennimerki híbýlis, íbúðar eða herbergis inni í byggingu.
siteName	Heiti fasteignar, byggingasamstæðu eða staðar.

13. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 5.4.6:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „PartTypeValue“**

Gildi	Skilgreining
name	Sá hluti heitis sem myndar kjarna eða rót umferðaræðarheitis.
namePrefix	Sá hluti heitis sem er notaður til að skilja tengiorð sem hafa ekki flokkunarmerkingu frá kjarna umferðaræðarheitisins.
qualifier	Sá hluti heitis sem sérgreindir umferðaræðarheitið.
type	Sá hluti heitis sem gefur upplýsingar um flokk eða tegund umferðaræðar.

14. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 5.4.7:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „StatusValue“**

Gildi	Skilgreining
alternative	Staðfang, eða staðfangshluti, sem er í almennri notkun en frábrugðinn höfuðstaðfangi, eða staðfangshluta, eins og það er ákvarðað af opinberum aðila sem ber ábyrgð á ráðstöfun staðfanga eða af vörslumanni gagnasafns.
current	Núverandi og gilt staðfang, eða staðfangshluti, samkvæmt opinberum aðila sem ber ábyrgð á ráðstöfun staðfanga eða sem vörslumaður gagnasafns telur vera það almennt notaða staðfang sem best á við.

Gildi	Skilgreining
proposed	Staðfang, eða staðfangshluti, sem býður viðurkenningar vörslumanns gagnasafnsins eða þess opinbera aðila sem ber ábyrgð á ráðstöfun staðfanga.
reserved	Staðfang, eða staðfangshluti, sem er viðurkennt af opinberum aðila sem ber ábyrgð á ráðstöfun staðfanga, eða af vörslumanni gagnasafnsins, en hefur ekki verið innleitt enn.
retired	Staðfang, eða staðfangshluti, sem ekki er lengur í daglegri notkun eða hefur verið afnumið af opinberum aðila sem ber ábyrgð á ráðstöfun staðfanga eða af vörslumanni gagnasafnsins.

15. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 6.2.1:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „CadastralZoningLevelValue“**

Gildi	Skilgreining
1stOrder	Efstu stig (stærstu svæðin) í stigskiptingu lóðaskipulaga, jafnt, eða jafngilt, sveitarfélögum.
2ndOrder	Annað stig í stigskiptingu lóðaskipulaga.
3rdOrder	Þriðja stig í stigskiptingu lóðaskipulaga.

16. Eftirfarandi málsgreinar bætast við lið 7.1:

„— „Svæðisleiðsaga (RNAV)“: leiðsagnaraðferð sem gerir starfrækslu loftfars kleifa á öllum flugleiðum sem óskað er eftir innan svæðis stöðvamiðaðra leiðsögutækja eða innan getumarka eigin staðsetningarbúnaðar, eða með samsetningu hvors tveggja,

— „TACAN-leiðsaga“: leiðsagnaraðferð sem gerir starfrækslu loftfars kleifa á öllum flugleiðum sem óskað er eftir innan svæðis stöðvamiðaðra flugleiðsögutækja með TACAN-vita.“

17. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.3.3.1:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „AccessRestrictionValue“**

Gildi	Skilgreining
forbiddenLegally	Aðgangur að flutningaeiningunni er bannaður með lögum.
physicallyImpossible	Aðgangur að flutningaeiningunni er ómögulegur vegna tálma eða annarra efnislegra hindrana.
private	Aðgangur að flutningaeiningunni er takmarkaður vegna þess að hún er í einkaeign.
publicAccess	Aðgangur að flutningaeiningunni er opin almenningi.
seasonal	Aðgangur að flutningaeiningunni er árstíðabundinn.
toll	Aðgangur að flutningaeiningunni er tollskyldur.

18. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.3.3.2:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „RestrictionTypeValue“**

Gildi	Skilgreining
maximumDoubleAxleWeight	Leyfð hámarksþyngd á tvöfaldan ás farartækis á flutningaeiningu.
maximumDraught	Leyfð hámarksdjúprista farartækis á flutningaeiningu.
maximumFlightLevel	Leyft hámarksfluglag fyrir farartæki á flutningaeiningu.
maximumHeight	Hámarkshæð farartækis sem getur farið undir annan hlut.
maximumLength	Leyfð hámarkslengd farartækis á flutningaeiningu.



Gildi	Skilgreining
maximumSingleAxleWeight	Leyfð hámarksþyngd á einfaldan ás farartækis á flutningaeiningu.
maximumTotalWeight	Leyfð hámarksþyngd farartækis á flutningaeiningu.
maximumTripleAxleWeight	Leyfð hámarksþyngd á þrefaldan ás farartækis á flutningaeiningu.
maximumWidth	Leyfð hámarksbreidd farartækis á flutningaeiningu.
minimumFlightLevel	Leyft lágmarksfluglag fyrir farartæki á flutningaeiningu.

19. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.4.2.1:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „AerodromeCategoryValue“**

Gildi	Skilgreining
domesticNational	Flugvöllur sem hefur landsbundna flugumferðarþjónustu innanlands.
domesticRegional	Flugvöllur sem hefur svæðisbundna flugumferðarþjónustu innanlands.
international	Flugvöllur sem hefur alþjóðlega flugumferðarþjónustu.

20. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.4.2.2:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „AerodromeTypeValue“**

Gildi	Skilgreining
aerodromeHeliport	Flugvöllur með landingarsvæði fyrir þyrlur.
aerodromeOnly	Eingöngu flugvöllur.
heliportOnly	Eingöngu þyrluflugvöllur.
landingSite	Lendingarsvæði.

21. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.4.2.3:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „AirRouteLinkClassValue“**

Gildi	Skilgreining
conventional	Hefðbundin leiðsöguleið: Flugleið sem notar hvorki svæðisleiðsögu né TACAN-vita við flugumferðarþjónustu.
RNAV	Flugleið með svæðisleiðsögu: Flugleið sem notar svæðisleiðsögu (RNAV) við flugumferðarþjónustu.
TACAN	TACAN-leið: Flugleið sem notar TACAN-vita við flugumferðarþjónustu.

22. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.4.2.4:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „AirRouteTypeValue“**

Gildi	Skilgreining
ATS	Flugumferðarþjónustuleið eins og lýst er í 11. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
NAT	NAT-ferill (hluti af skipulögðu ferlakerfi).

23. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.4.2.5:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „AirUseRestrictionValue“**

Gildi	Skilgreining
reservedForMilitary	Flugnetshlutarinn er eingöngu notaður í hernaðarlegum tilgangi.
temporalRestrictions	Tímatakmarkanir gilda um notkun á flugnetshlutnum.

24. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.4.2.6:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „AirspaceAreaTypeValue“**

Gildi	Skilgreining
ATZ	Umferðarsvið flugvallar (e. <i>Airport Traffic Zone</i> ). Loftrými af skilgreindri stærð sem komið er á í kringum flugvöll til varnar flugvallarumferð.
CTA	Flugstjórnarsvæði (e. <i>Control area</i> ). Flugstjórnarrými sem nær upp á við frá tilgreindu marki yfir jörðu.
CTR	Flugstjórnarsvið. (e. <i>Control zone</i> ). Flugstjórnarrými sem nær upp á við frá yfirborði jarðar að tilgreindu efra marki.
D	Hættusvæði (e. <i>Danger area</i> ). Loftrými af skilgreindri stærð þar sem starfsemi, sem er hættuleg flugi loftfars, má fara fram á tilgreindum tímum.
FIR	Flugupplýsingasvæði (e. <i>Flight information region</i> ). Loftrými af skilgreindri stærð þar sem veitt er flugupplýsingaþjónusta og viðbúnaðarþjónusta. Gæti t.d. verið notað ef þjónustan er veitt af fleiri en einni deild.
P	Bannsvæði (e. <i>Prohibited area</i> ). Loftrými af skilgreindri stærð yfir landsvæði eða landhelgi ríkis þar sem flug loftfars er bannað.
R	Haftasvæði (e. <i>Restricted area</i> ). Loftrými af skilgreindri stærð yfir landsvæði eða landhelgi ríkis þar sem flug loftfars takmarkast við tilgreindar aðstæður.
TMA	Aðflugsstjórnarsvæði (e. <i>Terminal control area</i> ). Flugstjórnarsvæði sem er yfirleitt sett á fót við samrennsli flugumferðarþjónustuleiða í nágrenni eins, eða fleiri, stærri flugvalla. Aðallega notað í Evrópu samkvæmt hugmyndinni um sveigjanlega notkun loftrýmis.
UIR	Efra flugupplýsingasvæði (e. <i>Upper flight information region</i> ). Efra loftrými af skilgreindri stærð þar sem veitt er flugupplýsingaþjónusta og viðbúnaðarþjónusta. Hvert ríki segir til um sína skilgreiningu á efra loftrými.

25. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.4.2.7:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „NavaidTypeValue“**

Gildi	Skilgreining
DME	Fjarlægðarviti (e. <i>Distance Measuring Equipment</i> ).
ILS	Blindlendingarkerfi (e. <i>Instrument Landing System</i> ).
ILS-DME	Blindlendingarkerfi ásamt fjarlægðarvita.
LOC	Miðlínusendir (e. <i>Localizer</i> ).
LOC-DME	Miðlínusendir ásamt fjarlægðarvita.
MKR	Markviti (e. <i>Marker Beacon</i> ).
MLS	Örbylgjulendingarkerfi (e. <i>Microwave Landing System</i> ).
MLS-DME	Örbylgjulendingarkerfi ásamt fjarlægðarvita.
NDB	Hringviti (e. <i>Non-Directional Radio Beacon</i> ).
NDB-DME	Hringviti ásamt fjarlægðarvita.

Gildi	Skilgreining
NDB-MKR	Hringviti og markviti.
TACAN	TACAN-viti (e. <i>Tactical Air Navigation Beacon</i> )
TLS	Lendingarkerfi með ratsjársvara (e. <i>Transponder Landing System</i> ).
VOR	Fjölstefnuviti á metrabylgju.
VOR-DME	Fjölstefnuviti á metrabylgju ásamt fjarlægðarvita.
VORTAC	Fjölstefnuviti með metrabylgjugalstöð ásamt samtengdum TACAN-vita.

26. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.4.2.8:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „PointRoleValue“**

Gildi	Skilgreining
end	Efnislegur endi stefnu flugbrautar.
mid	Miðjupunktur flugbrautar.
start	Efnislegt upphaf stefnu flugbrautaráttar.
threshold	Upphaf þess hluta flugbrautarinnar sem er nothæfur til lendinga.

27. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.4.2.9:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „RunwayTypeValue“**

Gildi	Skilgreining
FATO	Lokaaðflugs- og flugtakssvæði fyrir þyrilur.
runway	Flugbraut fyrir flugvélar.

28. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.4.2.10:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „SurfaceCompositionValue“**

Gildi	Skilgreining
asphalt	Yfirborð gert úr lagi af asfalti.
concrete	Yfirborð gert úr lagi af steinsteypu.
grass	Yfirborð úr lagi af grasi.

29. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.5.2.1:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „CablewayTypeValue“**

Gildi	Skilgreining
cabinCableCar	Flutningur um togbraut með farartæki sem er upphengdur kláfur til að ferja hópa af fólki og/eða vörur innanborðs, frá einum stað til annars.
chairLift	Flutningur um togbraut með farartækjum sem eru upphengdir stólar til að ferja einstaklinga eða hópa af fólki frá einum stað til annars á stálvír eða reipi sem liggur í lykkju utan um tvo punkta.
skiTow	Flutningur um togbraut til að draga skíða- og snjóbrettafólk upp brekku.

30. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.6.3.1:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „FormOfRailwayNodeValue“**

Gildi	Skilgreining
junction	Járnbrautarhnúta þar sem er búnaður sem samanstendur af járnbrautarspori með tveimur, færanlegum brautarteinum og nauðsynlegum tengingum í járnbrautarneti svo að farartæki geti beygt af einum teinum á aðra.
levelCrossing	Járnbrautarhnúta þar sem járnbrautarnet er þverað með vegi í sömu hæð.
pseudoNode	Járnbrautarhnúta sem birtir punkt þar sem ein, eða fleiri, eigindir járnbrautarhlekkinganna sem tengjast henni breyta gildi sínu, eða punkt sem er nauðsynlegur til að lýsa rúmfræði netkerfisins.
railwayEnd	Aðeins einn járnbrautarhlekki tengist járnbrautarhnúttunni. Það táknar enda járnbrautarspors.
railwayStop	Staður í járnbrautarnetinu þar sem lestir stöðva til að ferma/affërma eða hleypa farþegum um borð eða frá borði.

31. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.6.3.2:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „RailwayTypeValue“**

Gildi	Skilgreining
cogRailway	Járnbrautarflutningur sem gerir starfrækslu farartækjanna kleifa í miklum halla og samanstendur af járnbrautarteinum með tenntri grind (yfirleitt milli teinanna) og farartækjum sem eru búnir einu eða fleiri tannhjóla- eða tannstangardrífum sem grípa í tenntu grindina.
funicular	Járnbrautarflutningur sem samanstendur af togvír sem er festur við farartæki á teinum og færir það upp og niður mjög mikinn halla. Ef kostur er skulu farartækin á leið upp vega upp á mótí farartækjunum á leið niður.
magneticLevitation	Járnbrautarflutningur sem byggir á einum teini sem er bundin leið farartækisins og styður það með segulsvífúnaði.
metro	Járnbrautaflutningakerfi í þéttbýli sem er notað á stórum þéttbýlissvæðum, sem gengur eftir öðrum teinum en önnur flutningakerfi, sem er yfirleitt rafknúð og sem gengur í sumum tilvikum neðanjarðar.
monorail	Járnbrautaflutningur sem byggir á stökum teini sem er bæði eini stuðningur hans og bundin leið hans.
suspendedRail	Járnbrautarflutningur sem byggir á einum teini, sem er bæði stuðningur og bundin leið, og sem farartæki hangir í og er fært eftir.
train	Járnbrautarflutningur sem samanstendur yfirleitt af aflknúnu farartæki, eða vélarvagni lestar, sem færir röð tengdra vagna eftir járnbrautinni með því að draga þá eftir tveimur samhliða teinum, í þeim tilgangi að flytja færm eða farþega frá einum ákvörðunarstað til annars.
tramway	Járnbrautarflutningakerfi sem er notað á þéttbýlissvæðum, sem gengur oft eftir götum og deilir vegarými með vélknúnum ökutækjum og gangandi vegfarendum. Sporvagnar eru yfirleitt rafknúnir.

32. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.6.3.3:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „RailwayUseValue“**

Gildi	Skilgreining
cargo	Járnbraut er eingöngu notuð til vinnu við færm.
carShuttle	Járnbraut er eingöngu notuð til að flytja bíla.

Gildi	Skilgreining
mixed	Notkun á járnbraut er blönduð. Hún er notuð til flutninga á farþegum og farmi.
passengers	Járnbraut er eingöngu notuð til farþegaflutninga.

33. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.7.3.1:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „AreaConditionValue“**

Gildi	Skilgreining
inNationalPark	Hraðatakörkun innan þjóðgarðs.
insideCities	Hraðatakörkun innan borga.
nearRailroadCrossing	Hraðatakörkun nærri mótum járnbrauta.
nearSchool	Hraðatakörkun nærri skóla.
outsideCities	Hraðatakörkun utan borga.
trafficCalmingArea	Hraðatakörkun á svæðum með hraðahindrunum.

34. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.7.3.2:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „FormOfRoadNodeValue“**

Gildi	Skilgreining
enclosedTrafficArea	Vegahnútan er staðsett innan afgirts umferðarsvæðis og/eða táknað það. Umferðarsvæði er svæði án innra skipulags löglega skilgreindra ökustefna. Að minnsta kosti tveir vegir eru tengdir svæðinu.
junction	Vegahnúta þar sem þrjár eða fleiri vegahlekkir tengjast.
levelCrossing	Vegahnúta þar sem járnbrautarnet er þverað með járnbraut í sömu hæð.
pseudoNode	Nákvæmlega tveir vegahlekkir tengjast vegahnútunni.
roadEnd	Aðeins einn veghlekki tengist vegahnútunni. Það táknað enda vegar.
roadServiceArea	Yfirborð sem fylgir með vegi og er notað til að bjóða tiltekna þjónustu.
roundabout	Vegahnútan birtir eða er hluti af hringtorgi. Hringtorg er vegur sem myndar hring þar sem leyfileg akstursstefna umferðar er eingöngu í aðra áttina.
trafficSquare	Vegahnútan er staðsett innan umferðartorgs og/eða táknað það. Umferðartorg (e. <i>traffic square</i> ) er svæði sem er (að hluta til) afgirt vegum, er ekki ætlað fyrir umferð og er ekki hringtorg.

35. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.7.3.3:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „FormOfWayValue“**

Gildi	Skilgreining
bicycleRoad	Vegur þar sem reiðhjól eru einu leyfilegu farartækin.
dualCarriageway	Vegur þar sem akbrautir eru aðskildar, án tillits til fjölda akreina, og sem er ekki hraðbraut (e. <i>motorway/freeway</i> ).
enclosedTrafficArea	Svæði án innra skipulags löglega skilgreindra ökustefna. Að minnsta kosti tveir vegir eru tengdir svæðinu.
entranceOrExitCarPark	Vegur sem er sérstaklega til þess gerður að komast inn á eða út af bílastæði.
entranceOrExitService	Vegur sem er eingöngu notaður til að komast að og frá þjónustu.
freeway	Vegur án gatnamóta við aðra vegi í sömu hæð.
motorway	Vegur sem reglur gilda um, að öllu jöfnu, að því er varðar innakstur og notkun. Hann hefur tvær eða fleiri akbrautir sem eru að mestu aðskildar og er án gatnamóta við aðra vegi í sömu hæð.

Gildi	Skilgreining
pedestrianZone	Svæði með vegakerfi sem er sérstaklega hannað til nota fyrir gangandi vegfarendur.
roundabout	Vegur sem myndar hring þar sem leyfileg akstursstefna umferðar er eingöngu í aðra áttina.
serviceRoad	Vegur sem liggur samhliða vegi með hlutfallslega hátt tengihlutverk og er ætlaður til að tengja hann vegum með lægri tengihlutverk.
singleCarriageway	Vegur þar sem umferðin er ekki aðskilin með efnislegum hlut.
slipRoad	Vegur sem er sérstaklega til þess ætlaður að til að komast inn á eða út af öðrum vegi.
tractorRoad	Vegur sem er útbúinn fyrir dráttarvélar og aðeins nothæfur fyrir þær (landbúnaðarfarartæki eða skógarvél) eða torfæruökutæki (farartæki með meiri hæð yfir jörð, stór hjól og fjórhjóladrif).
trafficSquare	Svæði sem er (að hluta til) afgirt vegum sem eru ekki fyrir umferð og sem er ekki hringtorg.
walkway	Vegur sem er ætlaður til nota fyrir gangandi vegfarendur og lokaður fyrir notkun venjulegra farartækja með efnislegum tálma.

36. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.7.3.4:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „RoadPartValue“**

Gildi	Skilgreining
carriageway	Sá hluti vegar sem er ætlaður umferð.
pavedSurface	Sá hluti vegar sem er lagður slitlagi.

37. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.7.3.5:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „RoadServiceTypeValue“**

Gildi	Skilgreining
busStation	Vegaþjónustan er strætisvagnabiðstöð.
parking	Vegaþjónustusvæðið er bílastæði.
restArea	Vegaþjónustan er áningarstaður.
toll	Svæði sem veitir vegatollþjónustu, s.s. miðasölu eða greiðsluþjónustu vegna vegatolls.

38. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.7.3.6:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „RoadSurfaceCategoryValue“**

Gildi	Skilgreining
paved	Vegur lagður hörðu, bundnu slitlagi.
unpaved	Vegur sem er ekki lagður slitlagi.

39. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.7.3.7:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „ServiceFacilityValue“**

Gildi	Skilgreining
drinks	Drykkjarvörur eru fáanlegar.
food	Matvæli eru fáanleg.

Gildi	Skilgreining
fuel	Eldsneyti er fánlegt.
picnicArea	Nestissvæði er til staðar.
playground	Leikvöllur er til staðar.
shop	Verslun er til staðar.
toilets	Salerni eru til staðar.

40. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.7.3.8:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „SpeedLimitSourceValue“**

Gildi	Skilgreining
fixedTrafficSign	Heimild er fast umferðarskilti (vísar til stjórnsýslufyrirmæla, afdráttarlaus hraðatakörkun).
regulation	Heimild er reglugerð (landsbundin reglugerð, regla eða „undirskilin hraðatakörkun“).
variableTrafficSign	Heimild er breytilegt umferðarskilti.

41. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.7.3.9:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „VehicleTypeValue“**

Gildi	Skilgreining
allVehicle	Öll farartæki, ekki gangandi vegfarendur.
bicycle	Fótstigið tveggja hjóla farartæki.
carWithTrailer	Fólksbifreið með viðfestum eftirvagni.
deliveryTruck	Hlutfallslega lítil vöruflutningabifreið sem er fyrst og fremst notuð til afhendingar á vörum og efniviði.
emergencyVehicle	Ökutæki sem er notað við neyðarviðbrögð, þ.m.t. en á þó ekki eingöngu við lögreglu-, sjúkra- og slökkviliðsbifreið.
employeeVehicle	Ökutæki sem er stjórnað af starfsmanni stofnunar og sem er notað samkvæmt verklagsreglum þeirrar stofnunar.
facilityVehicle	Farartæki sem er eingöngu til notkunar á staðbundnu svæði innan einkalandareignar eða landareignar með takmörkuðum aðgangi.
farmVehicle	Ökutæki sem er almennt tengt landbúnaðarstarfsemi.
highOccupancyVehicle	Ökutæki sem hefur innanborðs jafnmarga (eða fleiri) farþega og sem svarar tilgreindum lágmarksfjölda farþega.
lightRail	Ökutæki til flutninga, áþekkt lest, sem takmarkast við járnbrautakerfi innan takmarkaðs svæðis.
mailVehicle	Ökutæki sem safnar pósti, ferjar hann eða afhendir.
militaryVehicle	Ökutæki sem er viðurkennt af hermálayfirvaldi.
moped	Tveggja eða þriggja hjóla ökutæki, búið brunahreyfli sem er minni en 50 rúmsentimetrar, og sem hefur hámarkshraðann 45 km/klst. (28 m/klst.).

Gildi	Skilgreining
motorcycle	Tveggja eða þriggja hjóla ökutæki, búið brunahreyfli sem er stærra en 50 rúmsentimetrar, og sem hefur hámarkshraða sem er meiri en 45 km/klst. (28 m/klst.).
passengerCar	Lítið ökutæki sem er ætlað til einkaflutninga á fólki.
pedestrian	Gangandi einstaklingur.
privateBus	Ökutæki sem er ætlað til flutninga á stórum hópum fólks, í einkaeign eða leigu.
publicBus	Ökutæki sem er ætlað til flutninga á stórum hópum fólks, yfirleitt bundið af auglýstum leiðum og áætlunum.
residentialVehicle	Ökutæki eiganda sem er búsettur (eða gestkomandi) á ákveðinni götu eða bæjarsvæði.
schoolBus	Ökutæki sem er starfrækt á vegum skóla til flutninga á nemendum.
snowChainEquippedVehicle	Öll ökutæki sem eru útbúin snjókeðjum.
tanker	Vörubifreið með fleiri en tveimur ásum sem er notuð til að flytja vökva- eða gasfarm í lausu.
taxi	Ökutæki með leyfi fyrir útleigu, yfirleitt búið mæli.
transportTruck	Ökutæki til langflutninga á vörum.
trolleyBus	Ökutæki til fjöldaflutninga, áþekkt strætisvagni, sem er tengt rafmagnsneti sem gegnir hlutverki aflagjafa þess.
vehicleForDisabledPerson	Ökutæki með auðkenningu til stuðnings því, að það sé ökutæki fyrir fatlaða einstaklinga.
vehicleWithExplosiveLoad	Ökutæki sem flytur sprengifiman farm.
vehicleWithOtherDangerousLoad	Ökutæki sem flytur hættulegan farm, annan en sprengifiman eða vatnsmengandi farm.
vehicleWithWaterPollutingLoad	Ökutæki sem flytur vatnsmengandi farm.

42. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.7.3.10:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „WeatherConditionValue“**

Gildi	Skilgreining
fog	Hraði gildir í þoku.
ice	Hraði gildir í hálfu.
rain	Hraði gildir í rigningu.
smog	Hraði gildir í tiltekinni þétni mengunarmóðu.
snow	Hraði gildir í snjó.

43. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.8.3.1:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „FerryUseValue“**

Gildi	Skilgreining
cars	Ferja flytur bifreiðar.
other	Ferja flytur annað en farþega, bifreiðar, vörubifreiðar eða lestir.
passengers	Ferja flytur farþega.
train	Ferja flytur lestir.
trucks	Ferja flytur vörubifreiðar.



44. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 7.8.3.2:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „FormOfWaterwayNodeValue“**

Gildi	Skilgreining
junctionFork	Grunngerðarstök, þar sem eitt umferðarflæði skipa þverar annað eða punktar þar sem umferðarflæði skipa aðgreinist eða rennur saman.
lockComplex	Skipastigi, eða flokkur skipastiga, sem ætlaðir eru til að lyfta upp bátum eða láta þá síga milli vatnskafla í mismunandi hæðarþrepum á vatnaleiðum áa og skurða.
movableBridge	Brú sem hægt er að lyfta eða snúa svo skipum sé fær leið.
shipLift	Vél til flutninga á bátum milli tveggja vatnshlota í mismunandi hæð og sem er notuð sem annar valkostur í stað lokuhólfanna.
waterTerminal	Staðsetningin þar sem vörur eru umfermdar.
turningBasin	Staður þar sem skurður eða þröng vatnaleið er vikkuð til þess að bátar geti snúð við.

45. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 8.4.2.1:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „HydroNodeCategoryValue“**

Gildi	Skilgreining
boundary	Hnúta sem er notuð til að tengja mismunandi netkerfi.
flowConstriction	Netkerfishnúta sem er í sjálfu sér óskyld netskipaninni en sem tengist vatnafarslega mikilvægum punkti eða búnaði, eða manngerðum hlut, sem hefur áhrif á flæðið í netkerfinu.
flowRegulation	Netkerfishnúta sem er í sjálfu sér óskyld netskipaninni en sem tengist vatnafarslega mikilvægum punkti eða búnaði, eða manngerðum hlut, sem hefur áhrif á flæðið í netkerfinu.
junction	Hnúta þar sem þrjár eða fleiri hlekkir tengjast.
outlet	Endahnúta samtengdra hlekkjaraða.
source	Upphafshnúta samtengdra hlekkjaraða.

46. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 8.5.4.1:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „CrossingTypeValue“**

Gildi	Skilgreining
aqueduct	Rör, eða tilbúinn skurður, sem er til þess ætlaður að flytja vatn frá fjarlægum upptökum, yfirleitt með þyngdarafli, til notkunar sem ferskvatn, til landbúnaðar eða iðnaðar.
bridge	Mannvirki sem tengir tvo staði og gerir flutningaleið færa yfir hindrun í landslagi.
culvert	Lokaður skurður sem er ætlaður til að hleypa vatnsfalli undir akstursleið.
siphon	Rör sem er notað til að leiða vökva úr tiltekinni hæð niður á lægri hæð og notar mismunaprýsting vökvans til að lyfta súlu af vökvanum upp í meiri hæð áður en hann rennur að úttakinu.

47. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 8.5.4.2:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „HydrologicalPersistenceValue“**

Gildi	Skilgreining
dry	Fyllist og/eða flæðir sjaldan, yfirleitt aðeins meðan á mikilli úrkomu stendur og/ eða tafarlaust eftir hana.
ephemeral	Fyllist og/eða flæðir meðan á úrkomu stendur og tafarlaust eftir hana.

Gildi	Skilgreining
intermittent	Fyllist og/eða flæðir hluta af árinu.
perennial	Fyllist og/eða flæðir árið um kring.

48. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 8.5.4.3:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „InundationValue“**

Gildi	Skilgreining
controlled	Spilda sem flæðir reglulega yfir vegna stjórnunar á hæð vatns sem er lokað af með stíflu.
natural	Spilda sem fer reglulega undir flæðivatn, að sjávarföllum undanskildum.

49. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 8.5.4.4:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „ShoreTypeValue“**

Gildi	Skilgreining
boulders	Stórir vatns- eða veðurslípaðir steinar.
clay	Stífur, seigur og finkorna jarðvegur, aðallega úr vötnuðum álsilikötum, sem verður þjálfi þegar bætt er í hann vatni og sem hægt er að móta og þurrka.
gravel	Litlir, vatnsslípaðir eða muldir steinar.
mud	Mjúkur, blautur jarðvegur, ryk og/eða önnur jarðvegsefni.
rock	Steinar af öllum stærðum.
sand	Kornað efni úr litlum, veðruðum brotum af (að mestu leyti kísilkenndu) grjóti, finkornóttara en mól og grófkornóttara en gróft silt.
shingle	Litlar, lausar, ávalar, vatnsslípaðar steinvölur, sérstaklega ef þær hafa safnast saman á sjávarströnd.
stone	Stykki úr grjóti eða jarðefni (öðru en málm) af ákveðinni lögun og stærð, sem hafa yfirleitt verið mótuð af öðru en náttúrunnar hendi og eru notuð í einhverjum ákveðnum tilgangi.

50. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 8.5.4.5:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „WaterLevelValue“**

Gildi	Skilgreining
equinoctialSpringLowWater	Hæð stórstraumsfjöruborðs í kringum jafndægur.
higherHighWater	Hæsta flóð (eða eitt flóð) einhvern tiltekinn sjávarfalladag vegna A1 hallaáhrifa tungls og sólar.
higherHighWaterLargeTide	Meðaltal hæstu flóða, eitt frá hverju ári í 19 ára mælingum.
highestAstronomicalTide	Hæsta flóð sem fyrirþaanlegt er að verði við venjuleg veðurskilyrði og við allar samsetningar stjarnfræðilegra aðstæðna.
highestHighWater	Hæsta sjávarhæð sem mæld er á stað.
highWater	Hæsta sjávarhæð á stað í einni sjávarfallalotu.

Gildi	Skilgreining
highWaterSprings	Valin hæð sem er nálgun við meðaltal stórstraumsflóðhæðar.
indianSpringHighWater	Yfirborðsviðmið sjávarfalla sem er nálgun við meðalhæð herra flóðs á stórstreymi.
indianSpringLowWater	Yfirborðsviðmið sjávarfalla sem er nálgun við meðaltal lægri fjöruhæðar á stórstreymi.
localDatum	Valið viðmið sem er skilgreint af yfirvaldi hafnar á hverjum stað og sem það yfirvald mælir sjávarhæð og sjávarfallahæð við.
lowerLowWater	Lægsta fjara (eða ein lægri fjara) einhvern tiltekinn sjávarfalladag vegna A1 hallaáhrifa tungls og sólar.
lowerLowWaterLargeTide	Meðaltal lægstu fjöru, eitt frá hverju ári í 19 ára mælingum.
lowestAstronomicalTide	Lægsta hæð sjávarfalla sem hægt er að spá fyrir um að verði við venjuleg veðurskilyrði og við allar samsetningar stjarnfræðilegra aðstæðna.
lowestLowWater	Valin hæð sem er í samræmi við lægstu, mældu sjávarfallahæð á stað, eða eitthvað lægri.
lowestLowWaterSprings	Valin hæð sem er í samræmi við lægstu, mældu sjávarhæð á stað við stórstreymi á tímabili sem er styttra en 19 ár.
lowWater	Nálgun við meðalfjöru sem er samþykkt sem viðmiðunarhæð fyrir takmarkað svæði, án tillits til nákvæmari, síðari niðurstaðna.
lowWaterDatum	Nálgun við meðalfjöru sem er samþykkt sem stöðluð viðmiðun fyrir takmarkað svæði.
lowWaterSprings	Hæð sem er nálgun við meðaltal fjöru á stórstreymi.
meanHigherHighWater	Meðalhæð herra flóðs á stað á 19 ára tímabili.
meanHigherHighWaterSprings	Meðalhæð herra flóðs á stórstreymi á stað.
meanHigherLowWater	Meðalhæð hærri fjörunnar á hverjum sjávarfalladegi, mæld á landsbundnu tímabili fyrir sjávarfallaviðmið. (e. <i>National Tidal Datum Epoch</i> ).
meanHighWater	Meðalhæð allra flóða á stað á 19 ára tímabili.
meanHighWaterNeaps	Meðalhæð flóðs á smástreymi.
meanHighWaterSprings	Meðalhæð flóðs á stórstreymi.
meanLowerHighWater	Meðalhæð lægra flóðsins á hverjum sjávarfalladegi, mæld á landsbundnu tímabili fyrir sjávarfallaviðmið.
meanLowerLowWater	Meðalhæð lægri fjöru á stað á 19 ára tímabili.
meanLowerLowWaterSprings	Meðalhæð lægri fjöru á stórstreymi á stað.
meanLowWater	Meðalhæð allra fjara á stað á 19 ára tímabili.
meanLowWaterNeaps	Meðalhæð fjöru á smástreymi.
meanLowWaterSprings	Meðalhæð fjöru á stórstreymi.
meanSeaLevel	Meðalhæð sjávar við sjávarfallastöð, mæld með fyrirfram ákveðinni viðmiðunarhæð.
meanTideLevel	Hreint meðaltal af meðaltali flóðs og meðaltali fjöru.
meanWaterLevel	Meðaltal allra sjávarhæða, mældra á klukkustundarfresti á tiltæku skráningartímabili.
nearlyHighestHighWater	Valin hæð sem er nálgun við mestu sjávarhæð sem mælist á stað, yfirleitt jafngild stórstraumsflóðum.
nearlyLowestLowWater	Hæð sem er nálgun við lægstu sjávarhæð sem mælist á stað, yfirleitt jafngild lægstu stórstraumsfjöru.

Gildi	Skilgreining
tropicHigherHighWater	Hæsta flóðhæð (eða ein flóðhæð) sjávarfalla sem verða hálfsmánaðarlega þegar hámarkshalli tunglsins hefur mest áhrif.
tropicLowerLowWater	Lægsta fjara (eða ein fjara) sjávarfalla sem verða hálfsmánaðarlega þegar hámarkshalli tunglsins hefur mest áhrif.

51. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 9.4.1:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „DesignationSchemeValue“**

Gildi	Skilgreining
emeraldNetwork	Verndaði staðurinn hefur merkingu samkvæmt sameiginlegri náttúruverndar-áætlun Evrópu um net verndarsvæða (smaragðsnetið) (e. <i>Emerald Network</i> ).
IUCN	Verndaði staðurinn hefur flokkun samkvæmt flokkunarkerfi Alþjóðanáttúruverndarsambandsins.
nationalMonumentsRecord	Verndaði staðurinn hefur flokkun samkvæmt flokkunarkerfi Þjóðminjaskrár (e. <i>National Monuments Record</i> ).
natura2000	Verndaði staðurinn hefur merkingu, annað hvort samkvæmt vistgerðatilskipuninni (92/43/EBE) eða tilskipuninni um fugla (79/409/EBE).
ramsar	Verndaði staðurinn hefur merkingu samkvæmt Ramsar-samþykktinni um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf.
UNESCOManAndBiosphereProgramme	Verndaði staðurinn hefur merkingu samkvæmt áætlun Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna um manninn og lífhvolfið.
UNESCOWorldHeritage	Verndaði staðurinn hefur merkingu samkvæmt samningi Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna um alþjóðaarfleifið.

52. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 9.4.3:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „IUCNDesignationValue“**

Gildi	Skilgreining
habitatSpeciesManagementArea	Verndaði staðurinn er flokkaður sem stjórnunarsvæði vistgerðar/tegundar (e. <i>habitat species management area</i> ) samkvæmt flokkunarkerfi Alþjóðanáttúruverndarsambandsins.
managedResourceProtectedArea	Verndaði staðurinn er flokkaður sem stjórnunarsvæði verndaðrar auðlindar (e. <i>managed resource protected area</i> ) samkvæmt flokkunarkerfi Alþjóðanáttúruverndarsambandsins.
nationalPark	Verndaði staðurinn er flokkaður sem þjóðgarður (e. <i>national park</i> ) samkvæmt flokkunarkerfi Alþjóðanáttúruverndarsambandsins.
naturalMonument	Verndaði staðurinn er flokkaður sem náttúruvætti (e. <i>natural monument</i> ) samkvæmt flokkunarkerfi Alþjóðanáttúruverndarsambandsins.
ProtectedLandscapeOrSeascape	Verndaði staðurinn er flokkaður sem verndað landslag eða hafsvæði (e. <i>protected landscape or seascape</i> ) samkvæmt flokkunarkerfi Alþjóðanáttúruverndarsambandsins.
strictNatureReserve	Verndaði staðurinn er flokkaður sem svæði strangrar náttúruverndar (e. <i>strict nature reserve</i> ) samkvæmt flokkunarkerfi Alþjóðanáttúruverndarsambandsins.
wildernessArea	Verndaði staðurinn er flokkaður sem óbyggðir (e. <i>wilderness area</i> ) samkvæmt flokkunarkerfi Alþjóðanáttúruverndarsambandsins.

53. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 9.4.4:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „NationalMonumentsRecordDesignationValue“**

Gildi	Skilgreining
agricultureAndSubsistence	Verndaði staðurinn er flokkaður sem minjar um landbúnað eða lífsviðurværi (e. <i>agricultural or subsistence monument</i> ) samkvæmt flokkunarkerfi þjóðminjaskrár.
civil	Verndaði staðurinn er flokkaður sem borgaralegar minjar (e. <i>civil monument</i> ) samkvæmt flokkunarkerfi þjóðminjaskrár.
commemorative	Verndaði staðurinn er flokkaður sem minnismerki (e. <i>commemorative monument</i> ) samkvæmt flokkunarkerfi þjóðminjaskrár.
commercial	Verndaði staðurinn er flokkaður sem minjar um atvinnurekstur (e. <i>commercial monument</i> ) samkvæmt flokkunarkerfi þjóðminjaskrár.
communications	Verndaði staðurinn er flokkaður sem samskiptaminjar (e. <i>communications monument</i> ) samkvæmt flokkunarkerfi þjóðminjaskrár.
defence	Verndaði staðurinn er flokkaður sem varnarmínjar (e. <i>defence monument</i> ) samkvæmt flokkunarkerfi þjóðminjaskrár.
domestic	Verndaði staðurinn er flokkaður sem heimilismínjar (e. <i>domestic monument</i> ) samkvæmt flokkunarkerfi þjóðminjaskrár.
education	Verndaði staðurinn er flokkaður sem menntaminjar (e. <i>education monument</i> ) samkvæmt flokkunarkerfi þjóðminjaskrár.
gardensParksAndUrbanSpaces	Verndaði staðurinn er flokkaður sem minjar um garð, almenningsgarð eða svæði í þéttbýli (e. <i>garden, park or urban space monument</i> ) samkvæmt flokkunarkerfi þjóðminjaskrár.
healthAndWelfare	Verndaði staðurinn er flokkaður sem heilbrigðis- og velferðarmínjar (e. <i>health and welfare monument</i> ) samkvæmt flokkunarkerfi þjóðminjaskrár.
industrial	Verndaði staðurinn er flokkaður sem iðnaðarmínjar (e. <i>industrial monument</i> ) samkvæmt flokkunarkerfi þjóðminjaskrár.
maritime	Verndaði staðurinn er flokkaður sem sjóminjar (e. <i>maritime monument</i> ) samkvæmt flokkunarkerfi þjóðminjaskrár.
monument	Verndaði staðurinn er flokkaður sem minjar í einhverri óflokkaðri mynd (e. <i>monument with some unclassified form</i> ) samkvæmt flokkunarkerfi þjóðminjaskrár.
recreational	Verndaði staðurinn er flokkaður sem tómstundaminjar (e. <i>recreational monument</i> ) samkvæmt flokkunarkerfi þjóðminjaskrár.
religiousRitualAndFunerary	Verndaði staðurinn er flokkaður sem minjar um trú eða helgiathafnir eða greftranir (e. <i>religious, ritual or funerary monument</i> ) samkvæmt flokkunarkerfi þjóðminjaskrár.
settlement	Verndaði staðurinn er flokkaður sem minjar um landnám (e. <i>settlement</i> ) samkvæmt flokkunarkerfi þjóðminjaskrár.
transport	Verndaði staðurinn er flokkaður sem samgönguminjar (e. <i>transport monument</i> ) samkvæmt flokkunarkerfi þjóðminjaskrár.
waterSupplyAndDrainage	Verndaði staðurinn er flokkaður sem minjar um vatnsveitu og frárennsli (e. <i>water supply and drainage monument</i> ) samkvæmt flokkunarkerfi þjóðminjaskrár.

54. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 9.4.5:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „Natura2000DesignationValue“**

Gildi	Skilgreining
proposedSiteOfCommunityImportance	Verndaði staðurinn er tillaga um stað sem er mikilvægur fyrir Bandalagið (e. <i>Site of Community Importance</i> – SCI) samkvæmt Evrópuneti verndarsvæða.
proposedSpecialProtectionArea	Verndaði staðurinn er tillaga um stað sem er sérstakt verndarsvæði (e. <i>Special Protection Area</i> – SPA) samkvæmt Evrópuneti verndarsvæða.
siteOfCommunityImportance	Verndaði staðurinn er tilnefndur sem staður sem er mikilvægur fyrir Bandalagið (SCI) samkvæmt Evrópuneti verndarsvæða.
specialAreaOfConservation	Verndaði staðurinn er tilnefndur sem sérstakt varðveislusvæði (e. <i>Special Area of Conservation</i> – SAC) samkvæmt Evrópuneti verndarsvæða.
specialProtectionArea	Verndaði staðurinn er tilnefndur sem sérstakt verndarsvæði (e. <i>Special Protection Area</i> ) samkvæmt Evrópuneti verndarsvæða.

55. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 9.4.6:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „RamsarDesignationValue“**

Gildi	Skilgreining
ramsar	Verndaði staðurinn er tilnefndur samkvæmt Ramsar-samþykktinni um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf.

56. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 9.4.7:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „UNESCOManAndBiosphereProgrammeDesignationValue“**

Gildi	Skilgreining
biosphereReserve	Verndaði staðurinn er tilnefndur sem friðað lífhvolf samkvæmt áætluninni um manninn og lífhvolfið.

57. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 9.4.8:

**Leyfileg gildi fyrir kóðaskrána „UNESCOWorldHeritageDesignationValue“**

Gildi	Skilgreining
cultural	Verndaði staðurinn er tilnefndur sem menningarlegur heimsminjastaður.
mixed	Verndaði staðurinn er tilnefndur sem blandaður heimsminjastaður.
natural	Verndaði staðurinn er tilnefndur sem náttúrulegur heimsminjastaður.